

Sp.

67. Tillaga til þingsályktunar

[51. mál]

um endurskoðun laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Skál endurskoðun þessari lokið svo snemma, að frumvarp um breytingar á lögum verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Greinargerð.

Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra voru sett árið 1949. Tíminn, sem síðan er liðinn, hefur leitt í ljós ótvíræða galla á lögum þessum, og telja kunnugir aðkallandi að fá þá sniðna burt.

Í lögum er gerður skilsmunur á ölvuðum mönnum og drykkjusjúkum, og er sérstakur kafli um þá fyrrnefndu. Ekkert ákvæði í þeim kafla er enn komið til framkvæmda, þótt liðin séu 12 ár frá setningu laganna, og gæti sú staðreynd bent til þess, að ekki væri vanþörf endurskoðunar. Nóg mun til af ölvuðum mönnum sjálfum sér og öðrum til tjóns og því full nauðsyn á framkvæmanlegum lagaákvæðum þeim til aðstoðar.

Þá eru og í öðrum köflum laganna viss ákvæði svo meingölluð, að stórlega hefur háð þeirri starfsemi, sem þar er ráðgerð. Fyrir þessa ágalla er drykkjumannahjálpin í landinu öll í molum, enda vantar þar alla heildarsýn og heildarstjórn. Þótt allmiklu fé sé nú árlega varið til meðferðar drykkjusjúkra manna, kemur það ekki að hálfum notum vegna þeirrar ringulreiðar, sem ríkir lögum þessum samkvæmt.

Þetta ástand er öllum kunnugt, sem nærri koma þessum málum, enda hafa æðstu ráðgjafar heilbrigðisstjórnarinnar þegar á það bent. Stjórnskipuð nefnd með landlækni í forsæti skilaði ríkisstjórninni álitserð og tillögum um breytingar á lögum í janúar 1960. Þessi plögg liggja enn í dag hjá heilbrigðisstjórninni, sem virðist sitja á þeim sem fastast, en á meðan er unnið að lækningum drykkjumanna við óþarflega erfiðar aðstæður.

Til þess að vekja frekari athygli á þessu máli voru á tveim síðustu þingum lögð fram frumvörp til laga um meðferð drykkjumanna. Í þeim var leitast við að nema á brott gallana á gildandi lögum um sama efni Annað þessara frumvarpa var afgreitt í efri deild snemma á s. l. ári með svofelldri dagskrá:

„Með því að stjórnskipuð nefnd hefur endurskoðað gildandi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og afhent ríkisstjórninni breytingartillögur sínar, þykir deildinni ekki ástæða til að taka afstöðu til frumvarpsins að sinni. Í trausti þess, að tillögur frumvarpsins verði teknar til sérstakrar athugunar og málið á ný í heild lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Eins og þessi rökstudda dagskrá ber með sér, hafði efri deild réttan skilning á þessu máli á næstsiðasta þingi, og það er ekki deildarinnar sök, að traust hennar reyndist oftraust.

Nauðsynin á að breyta lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra er sízt minni nú en fyrir tveim árum, þegar ríkisstjórnin fól nefnd að gera tillögur um breytingar á þeim. Þörfin á bættri aðstöðu til hjálpar drykkjumönnum er brýn og minnkar ekkert við það eitt, að stjórnarvöld sofa á verðinum. Þess vegna er þessi tillaga um endurskoðun flutt nú.